

BARNABÍLSTÓLAR VÍS

Tryggðu barninu þínu öruggt sæti


BeSafe 1-2-3



VÍS



Mynd 1



Mynd 2

BeSafe 1-2-3 er einfaldur, öruggur og þægilegur

BeSafe 1-2-3 er mjög þægilegur barnabílstóll fyrir börn 15–36 kg. Þegar barnið er um það bil sjö ára er hægt að taka bakið af stólnum og gera hann að sessu (sjá myndir 1 og 2).

BeSafe 1-2-3 vex með barninu. Það er hægt að hæðarstillja bakið svo að það henti stærð barnsins til að tryggja því hámarksöryggi. Stóllinn veitir einnig sterka vörn í aftanákeyrslum. Hinn einstaki beltalás gerir það að verkum að beltið liggur þétt að líkama barnsins. Barnið situr alltaf rétt í öruggustu stellingu. BeSafe 1-2-3 er úr mjúku efni, bæði á sætisfletinum og í kringum höfuð barnsins. Handstuðningurinn er sérstaklega hannaður svo barnið geti athafnað sig án þess að það komi niður á öryggi þess.

BeSafe 1-2-3 hefur fengið vottun eftir ECE 44 03 staðlinum. Vottanir eru framkvæmdar af VTI (Våg och transport forsikningsinstitutet) í Svíþjóð. Stóllinn er flokkaður sem „universal“ eftir ströngum skilyrðum og hentar því í þá bíla þar sem framleiðandinn tilgreinir í leiðbeiningum að bílsætið hæfi „universal“ barnabílstólum.


BeSafe 1-2-3 er með sérstökum hliðarvængjum sem eru sérstaklega þróaðir með tilliti til hliðarárekstra. Skortur á vörn í hliðarárekstrum hefur verið galli við marga barnabílstóla. Hliðarárekstraprófanir voru framkvæmdar af ADAC í Þýskalandi, sem sérhæfir sig í slíkum prófunum.

Hafið í huga

- Farið eftir þessum leiðbeiningum við að festa stólinn í bílinn. Það er mikilvægt að festa stólinn rétt svo öryggi barnsins sé tryggt.
- Það er stranglega bannað að festa BeSafe 1-2-3 í framsæti fyrir framan virkan loftþúða. Í sumum bílum er hægt að taka loftþúðann í framsætinu úr sambandi. Settu þig í samband við þitt bílaumboð til að fá nánari upplýsingar.
- Ef einhver vandamál koma upp er hægt að fá aðstoð hjá VÍS í síma 560 5000.

Notendaleiðbeiningar

1. Barnið og bílstóllinn festast í þriggja punkta belti bílsins.
 2. Höfuðstuðningurinn stillist niður að axlarhæð.
 3. Mjaðmahluti bílbeltisins er settur yfir mjöðm barnsins og síðan þræddur ásamt axlarhlutanum undir armana á mótum setu og baks. Beltin eiga að liggja undir örmunum á stólum (sjá mynd 1), ekki yfir þeim.
 4. Hjá börnum sem eru 15–18 kg að þyngd þarf að festa beltalásinn við axlarhluta bílbeltisins (sjá mynd 3).
 5. Bílbeltið skal strekka eins mikið og mögulegt er, án þess að það valdi barninu óþægindum.
 6. Gætið þess að bílbeltið sé ekki snúði.
 7. Þegar barnið hefur náð 6–7 ára aldri, má fjarlægja bak- og hálsstuðninginn (sjá mynd 2).
- Eftir árekstur verður að skipta um stól og fá nýjan.
 - Það er bannað að gera breytingar á stólum.
 - Þvottaleiðbeiningar:



Mynd 3

Beltalásinn

- Beltalásinn (sjá mynd 3) ber ávallt að nota fyrir börn 15-18 kg að þyngd.
- Beltalásinn gerir það að verkum að barnið getur ekki slakað á bílbeltinu með því að draga það út.
- Axlarhluti bílbeltisins er festur við beltalásinn á aftanverðum stólum, milli höfuð- og axlarvarnar á stólum.
- Þegar beltalásinn er notaður, er bílbeltið ávallt í hæfilegri lengd fyrir stólinn.

Öruggur barnabílstóll er nauðsynlegur

Öruggur barnabílstóll er nauðsynlegur í alla bíla þar sem börn eru farþegar. Það á ekki síður við þegar þau ferðast með afa og ömmu eða öðrum þeim sem stöku sinnum hafa börn sem farþega. Börn eiga aldrei að ferðast í bíl án barnabílstóls.

Hvers vegna ættir þú að leigja barnabílstól hjá VÍS?

Barn þarf þrjá bílstóla á þroskaskeiði sínu svo hámarksöryggis sé gætt og að öryggisbúnaður henti stærð og þyngd barnsins. Barnabílstólar VÍS eru hagkvæm og örugg lausn, því auðvelt er að skipta stólunum út eftir því sem barnið stækkar. Barnabílstólar VÍS vaxa með barninu.

Öflugt eftirlit


Barnabílstólar VÍS sem koma úr leigu eru vandlega yfirfarnir af sérhæfðu starfsfólki VÍS áður en þeir fara í leigu á ný. Komi í ljós minnsti galli eða slit á burðarvirki stólanna eru þeir umsvifalaust teknir úr notkun. Öflugt eftirlit VÍS tryggir að barnið njóti ávallt fyllsta öryggis.

Allir geta tryggt öryggi barna sinna hjá VÍS

Foreldrum og forráðamönnum barna gefst kostur á að leigja barnabílstólana hjá VÍS óháð því við hvaða tryggingafélag er skipt. Með þessu vill VÍS gefa öllum kost á að tryggja börnum sínum hámarksöryggi í bílnum.

BeSafe 1-2-3

Tryggir öryggi barnsins frá því það er 15–36 kg.



Pað er stranglega bannað að setja barnabílstólinn í farþegasæti framan við virkan öryggisþúða (airbag).

Barn undir 150 cm að hæð má aldrei sitja fyrir framan virkan loftþúða

